

# HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 · 436 1214 · www.voot.is

# JÖKULL

1148. tbl - 25. árg.

20. febrúar 2025



## Útivera í mildara veðri



Kærkominn smjörþefur af vori hefur einkennt síðustu viku á norðanverðu Snæfellsnesi sem og landinu öllu. Rauðar og appelsínugular viðvaranir voru orðnar daglegt brauð í byrjun mánaðar en nú er farið að sjást meira til sólu og veðrið mildara. Þó svo að hitastig sé um frostmark hafa börn

sótt hjól sín í geymslu og þeysast nú um götur bæjanna alsæl.

Í byrjun vikunnar voru nemandur leikskóla og grunnskóla á svæðinu í vetrarfríi og nýttu margir dagana í ýmiss konar útivist á svæðinu, t.d. fjöruferð eins og bræðurnir sem myndin er af en þeir skelltu sér í fjöruferð.



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

## Asmer og Allan í æfingahóp U19

Þórhallur Siggeirsson, þjálfari U19 landsliðs karla í knattspyrnu, hefur valið í æfingahóp sem æfir saman dagana 17.-18. febrúar. Asmer Begic sem er leikmaður Víkings Ó. var valinn í hópinn sem samanstendur af drengjum sem eru fæddir árið 2007 og verða því 18 ára á árinu. 31 leikmenn munu koma saman þessa daga og freista þess að fá að taka þátt í næsta

verkefni U19 landsliðsins sem er seinni umferð undankeppni EM 2025. Þar er Ísland í riðli með Danmörku, Ungverjalandi og Austurríki. Fyrri æfingahópur liðsins kom saman 27.-28. janúar síðastliðinn. Í þeim hópi var Allan Purisevic sem er uppallinn í Ólafsvík en hann er sonur Ejub Purisevic sem var þjálfari Víkings Ó til fjölda ára.

JJ

# Ferðapjónusta í Sóley Saumar



Handverks- og listabúðin Sóley Saumar í Ólafsvík tók á dögum á móti hópi erlendra kvenna sem fengu að prófa að þrjóna út íslenskum lopa. Ferðapjónustan á svæðinu er fjölbreytt og það er skemmtilegt að sjá áhuga ferðamanna á íslenskum hannyrðum sem hefur verið hluti af menningu okkar í hundruð ára. Sóley Jónsdóttir og Heiðrún Hulda Hallgrímsdóttir aðstoðuðu konurnar og kenndu þeim réttu handtökin. Hópurinn samanstóð af tólf konum sem voru í hópferð á vegum ferðapjónustufyrirtækisins Fjallhalla Adventures.


JJ



**FISKMARKAÐUR ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)






Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500  
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson  
Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ  
Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
Sími: 436 1617



**SUMARVINNA Í VATNSHELLI**

Óskum eftir starfsmönnum til að leiðsega gestum í Vatnshelli í sumar.

Gott tækifæri fyrir ungt fólk að kynna náttúrunni og fólki í skemmtilegu starfsumhverfi.

Allar nánari upplýsingar:  
Ægir Þór - [aegir@summitguides.is](mailto:aegir@summitguides.is)  
848-5256

## Hjálpaðu mér upp, mér finnst ég vera að drukkna!

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn 11. febrúar síðastliðinn. Foreldrar barna og unglunga um land allt fengu í tilfni dagsins boð á rafrænt opið fræðsluerindi þar sem Skúli Bragi Geirdal fór yfir málefni netöryggis. Yfirskrift erindisins var "hjálpaðu mér upp mér finnst ég vera að drukkna!" en Skúli fór þar yfir upplýsingaflóð internetsins, hvað sé hægt að gera, félags-

legt netöryggi og hvernig hægt sé að tala um þessi mál við börnin. Skúli Bragi er sviðsstjóri SAFT og sérfræðingur á sviði upplýsinga- og miðlálæsis. Verkefnið var samstarfsverkefni Fjölmíðlanefndar, SAFT og Tengslanets um upplýsinga og miðlálæsi. Þeir sem misstu af erindinu geta nálgast upptöku á vefsíðunni [www.midlalaesi.is](http://www.midlalaesi.is).

JJ



**VÉLSMIÐJA GRUNDAFJARÐAR**

- Bílaviðgerðir
- Skipapjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurpöjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði

[vegr@vegr.is](mailto:vegr@vegr.is) [vegr.is](http://vegr.is)  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# Ný stjórn Þroskahjálpar á Vesturlandi

Aðal- og endurreisnarfundur Þroskahjálpar á Vesturlandi var haldinn 9. febrúar að Hótel Hamri. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem ný stjórn var kjörin.

Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir var kjörin nýr formaður en hún tók við af Kristjáni Jóhannesi Péturssyni. Önnur sem voru kjörin í stjórn eru Gunnhildur K Hafsteinsdóttir, Hannes Heiðarsson, Heiðís Rós Svavarsdóttir, Margrét Freyja Viðarsdóttir og Sigurður Þorsteinn Guðmundsson.

Landssamtökin Þroskahjálpa hafa allt frá stofnun samtakanna lagt höfuðáherslu á að málefni fatlaðs fólks séu málefni samfélagsins alls og að unnið skuli að þeim í samráði við þá sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta. Vonir standa til að með endur-



reism Þroskahjálpar á Vesturlandi verði til öflugur sameiginlegur vettvangur fyrir fatlaða einstak-

linga og aðstandendur þeirra á Vesturlandi öllu. Auk þess eru mörg spennandi verkefni fram

undan sem ný stjórn hlakkar mikil til að takast á við.

## Ljósleiðaravæðing Mílu í Ólafsvík og á Hellissandi



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525



Áformaðar framkvæmdir Mílu í samstarfi við Snæfellsbæ vegna lagningu ljósleiðara hafa verið birtar á vefsíðu Mílu. Framkvæmdin er styrkt með átaki stjórnvalda um að klára ljósleiðaravæðingu landsins fyrir árslok 2026. Snæfellsbær var eitt þeirra sveitarfélaga sem fékk styrk til framkvæmda. Áformað er að framkvæmdir hefjist í Ólafsvík og Hellissandi næsta vor. Framkvæmdin felur í sér bæði skurðvinnu og ídrátt í fyrirbyggjandi rör. Myndirnar sína hvaða svæði fá ljósleiðaravæðingu í vor.

**Krabbameinsfélag Snæfellsness**

*Við erum hér fyrir þig!*



**Listasmiðja laugardaginn 22. febrúar**

Bjódum krabbameinsgreindum upp á listasmiðjudag frá kl. 14:00 – 18:00 í Sögumiðstöðinni í Grundarfirði. Tvenns konar myndir verða málaðar þar sem einblínt verður á vor, birtu og ljós. Leiðbeinendur verða Inga Björnsdóttir listamaður og Herdis Björnsdóttir aðstoðarmaður.

**Ekki láta þetta happ úr hendi sleppa!**  
(Kostar ekkert!)

Bóka þarf fyrir 20. feb. hjá herdisbjorn@gmail.com eða ingas.kunst@gmail.com



# Framtíðarstarf í Ólafsvík

N1 Ólafsvík leitar að kraftmiklum starfskrafti með góða þjónustulund til framtíðarstarfa.

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn afgreiðsla í verslun
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði
- Reglusemi og stundvísi áskilin

## Fríðindi í starfi

- Afsláttur hjá N1, Krónunni, ELKO og Lyfju
- Styrkur til heilsueflingar
- Aðgangur að velferðarþjónustu N1

Nánari upplýsingar um starfið veitir Aría Jóhannesdóttir, stöðvarstjóri, [ariajoha@n1.is](mailto:ariajoha@n1.is).



JAFNLAUNAVOTTUN  
2024 - 2027

